

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 12. apríl 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um spilahallir, 51. mál.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri:

Efni frumvarps þess sem til umræðu er um að heimila starfsemi spilahalla á grundvelli leyfisveitingar ráðherra er að mati samtakanna jákvætt skref í þróun afþreyingar hér á landi. Markmið laganna um opinbert eftirlit og almenna lagaumgjörð er afar nauðsynlegt. Þannig þarf einnig það að tryggja að sú starfsemi sem verið hefur eftirlitslaus og undir yfirborðinu hingað til komi fram í dagsljósið. Þá telja Samtök ferðaþjónustunnar telja mikilvægt að hámarksfjöldi spilavíta á landinu verði skilgreindur sem og aðrar aðgerðir er stuðla að forvörnum og eftirliti.

Samtökin benda á mikilvægi þess að rammi utan um þá starfsemi sem frumvarpið nær til þarf að vera mjög skýr og viðurlög ótvíræð. Ákvæði laganna verða að gera ráð fyrir að hart verði tekið á leyfislausri starfsemi. Einnig þarf að koma fram í ákvæðum laganna að gangi rekstraraðilar gegn ákvæðum laganna geti það haft í för með sér brottfall eða niðurfellingu leyfis.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri